

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Urðarmóa í Hagalandi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 25. apríl 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi að Urðarmóa, lóð 6, í Hagalandi, Sveitarfélaginu Árborg. Breytingin felur í sér að heimilt er að hafa á lóðinni hús með þakhalla 42°.

Tillagan var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, þann 13. desember 2007 með athugasemdafresti til og með 18. janúar 2008.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 7. maí 2008.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. maí 2008